


Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK



Reykjavík, 11. desember 2019
Tilvísun: OS2017100003/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Fylgibréf með leyfi til rannsókna á lausum jarðefnum af hafsbotni utan netlaga með sýnatöku á nánar tilgreindu svæði í Þerneyjarsundi, Kollafirði, Faxaflóa

Þann 2. október 2017 barst Orkustofnun umsókn Björgunar ehf., kt. 460169-7399, um leyfi til sýnatöku af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði í innanverðum Faxaflóa á með vísan til laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, hafsbotnslaga. Í kjölfar nokkurra samskipta Orkustofnunar og umsækjanda um framsetningu og gagnamál voru viðbótargögn send stofnuninni þann 3. maí 2018. Fyrirhugaðir sýnatökustaðir eru hnitsettir á kortum sem fylgdu umsókninni.

Björgun ehf. áformar flutning á starfsemi sinni frá Sævarhöfða yfir á svæði á Álfsnesi við Þerneyjarsund. Nýtt athafnasvæði fyrirtækisins hefur verið afmarkað í samvinnu við Reykjavíkurborg. Fyrirséð er að dýpka þarf fyrir siglingarrennu og snúningssvæði fyrir framan hið nýja svæði fyrir aðkomu skipa Björgunar að lóðinni. Tilgangur umbeðinnar sýnatöku er að kanna eiginleika efnis á svæðinu svo hægt sé að afmarka nánari staðsetningu á fyrirhugaðri rennu og með hvaða hætti dýpkun verði framkvæmd ef af verður. Þá hefur umsækjandi hug á að nýta efnið sem upp kemur við slíka dýpkun og er því einnig tilgangur sýnatöku að greina eiginleika dýpkunarefnisins.

Fram kemur í umsókn leyfishafa að fyrirhugað er að haga sýnatöku á þann hátt er að siglt verður á pramma og sýni tekin með gröfu á tilgreindum sýnatökustöðvum. Á hverjum stað verði tekin 150-200 kg með 1,5 m millibili frá óhreyfðu yfirborði niður á 7 m dýpi.

Málsmeðferð

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðsamningum eða samningum við einstök ríki sbr. 1. gr. hafsbotnslaga. Hugtakið auðlind, samkvæmt hafsbotnslögum, tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Samkvæmt 2. gr. laganna, svo breyttum sbr. lög nr. 10/2012, er óheimilt að leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga nema að fengnu skriflegu leyfi Orkustofnunar.

Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. hafsbotnslaga leitaði Orkustofnun umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Björgunar. Í ljósi aðstæðna á Kollafirði og eðli máls var Reykjavíkurborg og Veitum ohf. send umsóknin til umsagnar, auk þess sem Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands og Samgöngustofu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða framkvæmd. Bréf þar að lútandi voru send út 7. maí 2018 og var þess óskað að umsagnir bærust Orkustofnun eigi síðar en mánudaginn 28. maí 2018.

Umsögn Fiskistofu barst Orkustofnun þann 17. maí 2018. Í umsögninni er vikið að því að fyrirhugað rannsóknasvæði kunni að vera á göngusvæði laxa sem ganga í nærliggjandi ár, s.s. Leirvogsa, Úlfarsá og Elliðaá, og stórfelld efnistaka á svæðinu á göngutíma gæti haft truflandi áhrif á göngu laxa. Sýnataka og rannsóknir í þeim mæli sem umsóknin víkur að séu hins vegar ekki líklegar til að hafa teljandi áhrif og því gerir Fiskistofa ekki athugasemdir við veitingu leyfis.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 28. maí 2018, er ekki gerð athugasemd við að leyfi verði veitt vegna umræddra rannsókna enda ekki líklegt að þær valdi mikilli röskun. Vísar Náttúrufræðistofnun einnig til þess að þær séu hluti af mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra flutninga Björgunar á nýtt athafnasvæði.

Umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 24. maí 2018, barst Orkustofnun 30. sama mánaðar. Að mati Reykjavíkurborgar eru þær rannsóknir sem umsókn Björgunar lýtur að mjög mikilvægur þáttur í undirbúningi á flutningi Björgunar á nýtt athafnasvæði í Álfsnesvík. Fram kemur að Reykjavíkurborg hafi þegar veitt leyfi til sýnatöku og rannsókna á jarðvegi o.fl. á landi og fjöru, og eru þær sýnatökur hluti af sömu rannsóknum og hafsbótssýnin utan lögsögu Reykjavíkurborgar. Ekki er því talin ástæða til að gera sérstakar athugasemdir við þær sýnatökur í Þerneyjarsundi sem krefjast leyfi Orkustofnunar.

Reykjavíkurborg áréttar þó í umsögn sinni að gæta þurfi þess við sýnatökurnar að dregið verði sem mest úr gruggmengun á svæðinu, t.d. með því að halda framkvæmdatíma sýnatökunnar eins stuttum og hægt er. Þá lýsir Reykjavíkurborg yfir áhuga á að nálgast niðurstöður rannsókna til viðbótar við þær rannsóknir sem stundaðar eru innan lögsögu borgarinnar.

Í umsögn Veitna ohf., dags. 23. maí 2018, er vakin athygli á því að fyrirtækið á og rekur 315 mm kaldvatnslögn sem liggur í nálægð fyrirhugaðra sýnatökustaða. Vatnslögnin flytur vatn frá vatnsveitu í Heiðmörk til neyslu og brunavarna á Kjalarnesi. Fram kemur í umsögninni að Veitur ohf. hafi fundað með leyfishafa þar sem áform Björgunar hafi verið rædd. Veitur ohf. fallast á þá tilhögun sem kynnt er í viðbótargögnum Björgunar dags. 3. maí 2018, með eftirfarandi skilyrðum:

- Samráð verði haft við Veitur ohf. við tilhögun framkvæmda.
- Starfsfólk Veitna ohf. hafi eftirlit með framkvæmdinni.
- Tímasetning framkvæmda verði með samþykki Veitna þar sem nauðsynlegt sé að loka á rennsli í vatnslögninni á meðan á sýnatöku stendur.
- Veitur áskilja sér rétt til að stöðva framkvæmdir ef í ljós kemur að brugðið hafi verið frá kynntum áformum svo að kaldvatnslögn steðji hættu af eða ef vandamál koma upp við vatnstöku úr varavatnsbóli.
- Allur kostnaður við mögulegt rask á kaldvatnslögn falli á Björgun ehf.

Umsögn Minjastofnunar, dags. 25. maí 2018, barst Orkustofnun 30. sama mánuðar. Í umsögninni ítrekar Minjastofnun áður tilgreinda afstöðu sína að nauðsynlegt sé að kanna þau svæði á hafsbotni sem verði fyrir raski vegna framkvæmda á Þerneyjarsundi í ljósi þess að á miðöldum hafi verið hafnar- og verslunarsvæði við Þerneyjarsund. Það sé því krafa stofnunarinnar að fram fari fjarkönnun á áhrifasvæði framkvæmdanna með tvígeislamæli og fenginn verði til verksins fornleifafræðingur með reynslu af neðansjárvarfornleifafræði. Komi áður óþekktar fornleifar í ljós við fjarkönnunina skuli umfang þeirra og eðli kannað nánar með köfun eða neðansjárvarmyndavél. Minjastofnun muni þá meta hvort krafist verði frekari rannsókna áður en framkvæmdir við sýnatöku og dýpkunarframkvæmdir geta hafist.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar, dags. 23. maí 2018, Hafrannsóknastofnunar, dags. 28. maí 2018 og Samgöngustofu, dags. 4. júní 2018, eru ekki gerðar athugasemdir við framkomna umsókn.

Björgun voru sendar innkomnar umsagnir með bréfi dags. 4. júní 2018 og fyrirtækinu gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við umsagnirnar, ef einhverjar væru.

Með tölvupósti dags. 24. júlí 2018 var Orkustofnun upplýst um að Björgun hefði, í ljósi umsagnar Minjastofnunar, látið kanna tilvist fornleifa á Þerneyjarsundi með fjölgeislamælingum og að Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hefði tekið að sér umsýsningu með verkinu. Skýrsla um fornleifakönnunina fylgdi með tölvupóstinum. Að öðru leyti bárust Orkustofnun ekki frekari athugasemdir fyrirtækisins.

Afrit af innsendum umsögnum fylgja með bréfi þessu.

Afstaða Orkustofnunar

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Björgunar ehf., umsagnir sem stofnuninni bárust, sem og viðbrögð Björgunar við þeim. Umsóknin byggir á 1. mgr. 2. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, og um afgreiðslu umsóknar fer skv. 2. mgr. 4. gr. laganna, ásamt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Umsagnaraðilar gera ekki athugasemdir við að Orkustofnun veiti leyfi fyrir fyrirhugaðar sýnatökur þó að tveir aðilar setji ákveðna fyrirvara þar á, Minjastofnun vegna tengsla við sögulegan kaupstað í Álfsnesvík og Veitur ohf. vegna nálægðar fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við kaldavatnslögn fyrirtækisins frá Heiðmörk til Kjalarness.

Í kjölfar ábendinga Minjastofnunar og með hliðsjón af undirbúningi á mati á umhverfisáhrifum heildarframkvæmdarinnar fól Björgun fornleifafræðingum með reynslu af neðansjávarfornleifafræði að kanna tilvist fornleifa á Þerneyjarsundi. Í skýrslu um niðurstöður könnunarinnar eru teknar saman upplýsingar úr rituðum heimildum um skipsskaða á svæðinu frá landnámi og fram á 20. öld, greining fjölgeislamælinga á svæðinu og túlkun tiltækra gagna¹.

Niðurstaða könnunarinnar er að ekki séu þekktir skipsskaðar á umræddu svæði og að fjölgeislamælingar sýndu engin ummerki um fornleifar á hafsbotninum. Hins vegar er sérstaklega tilgreint að slíkar mælingar sýni einungis það sem liggur á hafsbotninum og útilokar því ekki að fornleifar sem kunni að vera á svæðinu hafi grafið í setið. Í þessu tilliti er í skýrslunni sérstaklega bent á að umtalsvert set sé sunnan til á svæðinu og þar gætu fornminjar leynst. Lögð er áhersla á að þegar ráðist verður í dýpkunarframkvæmdir verði gætt varúðar og ef fornminjar komi í ljós verði framkvæmdir stöðvaðar og fundurinn tilkynntur Minjastofnun Íslands.

Með hliðsjón af umfjöllun í skýrslu fornleifafræðings verður að teljast ólíklegt að hinar takmörkuðu framkvæmdir sem falla undir þetta leyfi séu líklegar til að raska fornminjum eða öðrum menningarminjum. Hins vegar er áréttað að leyfishafa ber skv. 10. gr. leyfisins að gæta að ákvæðum laga um menningarminjar, nr. 80/2012 og að leyfið undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um þau leyfi sem þar geti verið mælt fyrir um.

¹ Ragnar Edvardsson (2018): Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og dýpkunar í Álfsnesvík í Kollafirði.

KG M

Af umsögn Veitna ohf. má glögglega sjá mikilvægi þess að fyrirhugaðar framkvæmdir raski ekki kaldavatnslögn fyrirtækisins milli Heiðmerkur og Kjalarness. Fram kemur í gögnum að Björgun og Veitur hafa haft samráð sín á milli í því skyni að tryggja að sýnataka valdi ekki tjóni á lögninni.

Orkustofnun telur ekki innan sinna valdheimilda að kveða á um aðkomu þriðja aðila að framkvæmdaferli og því eru fyrirvarar Veitna ohf. sem fram koma í umsögn fyrirtækisins ekki teknir upp í leyfinu með beinum hætti. Stofnunin hvetur þó leyfishafa til að viðhalda góðu samráði við Veitur vegna þessa máls og að fyrirtækin komi sér saman um verklag og samskipti vegna sýnatökunnar. Ítrekað er, líkt og tilgreint er í 5. gr. leyfisins, að Björgun ber að haga framkvæmdum þannig að þær raski ekki neðansjávarköplum og -lögnum, og sömuleiðis að í 8. gr. leyfisins kemur fram að leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kunni að hljótask af starfsemi á grundvelli leyfisins. Þá ber leyfishafa að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns sem kann að hljótask af starfsemi þess og þann 4. desember 2019 sendi leyfishafi til Orkustofnunar staðfestingu viðkomandi tryggingarfélags á að svo sé á því tímabili sem leyfið nær yfir.

Orkustofnun þykir rétt að víkja að þeim ábendingum Fiskistofu og Reykjavíkurborgar að umrætt rannsóknarsvæði sé dvalarsvæði sjóbirtings og gönguleið laxfiska í nærliggjandi ár kunni að liggja þar um. Umsagnaraðilar eru sammála því að umræddar sýnatökur eru ekki líklegar til að valda skaða, sérstaklega ef tilhögun sýnatöku lágmarkar grugg, en vikið er að því að við frekari framkvæmdir síðar meir verði hugað að þessum þætti. Framkvæmdir þær sem þar eru tilgreindar eru utan við efni þessarar leyfisveitingar og jafnframt háðar mati á umhverfisáhrifum og verður því fjallað um þann þátt á þeim vettvangi. Almenn gildir hér sem áður, og með vísan til 5. gr. leyfisins, að leyfishafa ber að gæta þess að framkvæmdir valdi ekki mengun og spjöllum á lífríki að öpörfu.

Niðurstöður rannsókna eru eign leyfishafa en kveðið er á um gagnaskil til Orkustofnunar í 7. gr. leyfis og getur stofnunin nýtt sér gögnin í samræmi við hlutverk sitt og að uppfylltum ákvæðum í lögum um Orkustofnun, að teknu tilliti til annarra laga eins og þau eru hverju sinni.

Drög að fylgibréfi þessu ásamt drögum að meðfylgjandi leyfi voru send umsækjanda með tölvupósti þann 7. júní 2019 og honum gefinn kostur á að koma að ábendingum áður en gengið yrði endanlega frá afgreiðslu umsóknarinnar. Með tölvupósti dags. 13. september 2019 tilkynnti umsækjandi að hann hefði kynnt sér og fallist á umrædd drög.

Við efnislega meðferð umsóknarinnar kom í ljós misræmi milli uppgefinna hnita á einum fyrirhugaðra sýnatökustaða og framsetningar á korti sem fylgdu með endurbættri umsókn Björgunar ehf. dags. 4. maí 2018. Orkustofnun óskaði þann 7. maí 2019 eftir staðfestingu á því hvor staðsetningin væri rétt. Leiðrétt hnit bárust stofnuninni með tölvupósti dags. 21. maí 2019.

Niðurstaða

Með vísan til framanritaðs og í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, veitir Orkustofnun hér með Björgun ehf., kt. 460169-7399, leyfi til sýnatöku á tilgreindum stöðum á hafsbotni í Þerneyjarsundi, Kollafirði, Faxaflóa, sem hnitsettir eru í leyfinu og sýndir á korti sem fylgja því og eru hluti þess. Leyfið er veitt með tilteknum skilyrðum sem nánar eru útskýrð hér fyrir framan og með vísan til ákvæða leyfisins.

Gjald vegna veitingar sýnatökuleyfis þessa er 166.000 kr., sbr. 36. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, á þeim tíma sem umsókn barst. Leyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt hafsbotnslögum, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 6. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti skv. ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Afrit sent: Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavíkurborg, Veitum ohf., Fiskistofu,
Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands og Samgöngustofu.

Fylgiskjöl: Leyfi til rannsókna á lausum jarðefnum á hafsbotni utan netlaga í Þerneyjarsundi, Kollafirði,
Faxaflóa, ásamt fylgiskjölum.

Umsagnir umsagnaraðila.



Orkustofnun gerir kunnugt

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, veitir Orkustofnun hér með Björgun ehf., kt. 460169-7399, Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík, hér eftir nefnd leyfishafi,

leyfi til rannsókna á lausum jarðefnum á hafsbotni utan netlaga í Þerneyjarsundi, Kollafirði, Faxaflóa

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands í samræmi 3. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990, auk þess sem Reykjavíkurborg, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu og Veitum ohf. var samhengis vegna gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða framkvæmd.

1. gr.

Almennt

Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til rannsókna á lausum jarðefnum utan netlaga með töku sýna með gröfu af hafsbotni á tilgreindu svæði sem afmarkað er í 2. gr. leyfis þessa, sbr. og fylgiskjal 1, á leyfistímanum sem tilgreindur er í 3. gr., og skal rannsóknum hagað í samræmi við sýnatökuáætlun í umsókn leyfishafa, sbr. 4. gr.

Leyfið felur hvorki í sér heimild né vilyrði um leyfi til frekari nýtingar á rannsóknarsvæðinu. Áformi leyfishafi nýtingu lausra jarðefna utan netlaga í kjölfar á rannsóknum ber að sækja um sérstakt nýtingarleyfi samkvæmt gildandi lögum hverju sinni um slíka starfsemi og ná samkomulagi við íslenska ríkið um endurgjald fyrir auðlindina.

Leyfið er ekki sérleyfi og takmarkar ekki rétt Orkustofnunar til að veita öðrum leyfi til leitar eða efnistöku á sama svæði á gildistíma leyfisins eða síðar.

2. gr.

Mörk rannsóknarsvæðis

Leyfið tekur til töku allt að fjögurra sýna af lausum jarðefnum utan netlaga á stöðum sem eru afmarkaðir með X og Y hnitum (í ISNET 93 kerfi), sbr. eftirfarandi afmörkun. Listi yfir hnitsetningu viðkomandi svæðis ásamt korti er sýnir mörk rannsóknarsvæðis er einnig í fylgiskjali 1, sem telst hluti leyfisins.

Sýni nr.	X _(ISN93)	Y _(ISN93)
OS1	365542,3	411936,3
OS2	365366,3	411857,8
OS3	365356,8	411861,2
OS4	365343,0	411749,1

3. gr.

Gildistími

Leyfið gildir frá 12. desember 2019 til 30. nóvember 2020.

Rannsóknir leyfishafa eða undirbúningur þeirra skal hefjast innan sex mánaða frá útgáfu leyfisins og skal rannsóknnum lokið fyrir 30. nóvember 2020.

4. gr.

Sýnataka og rannsóknir

Leyfishafa ber að haga sýnatöku á leyfissvæðinu í samræmi við umsókn sína sem er í fylgiskjali 2 með leyfi þessu. Hann skal gera Orkustofnun grein fyrir niðurstöðum sýnatöku og rannsóknnum á sýnum og gera jafnframt grein fyrir endurskoðun á áætlun um rannsóknir sínar á leyfissvæðinu ef um veruleg frávik er að ræða frá upphaflegri áætlun eða ef áform eru um frekari sýnatökur frá því sem gert var ráð fyrir í umsókn. Hámark sýnatöku á hverjum stað er allt að 5 m³, mælt og miðað við rúmmál af óhreyfðu efni af hafsbotni.

Leita skal samþykkis Orkustofnunar ef verulegar breytingar verða á gildandi rannsóknaráætlun.

5. gr.

Skyldur leyfishafa

Við rannsóknir samkvæmt leyfi þessu skal leyfishafi gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki sjófarendum né sjávarspendýrum tjóni. Jafnframt skal leyfishafi gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki að öpörfu.

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni rannsóknarsvæðisins svo sem fiskveiðar og ferðapjónusta.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska ekki neðansjávarköplum og -lögnum.

6. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leyfisins og hefur rétt til að fylgjast með sýnatöku í alla staði. Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti. Stofnunin getur haft samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Orkustofnunar. Eftirlitskostnaður verður þó aðeins innheimtur á grundvelli skráðra vinnustunda og bókfærðs útlagðs kostnaðar. Miðað við virkt innra eftirlit leyfishafa og skil á gögnum til Orkustofnunar á stafrænu formi er talið að eftirlit muni rúmast innan 20 vinnustunda á leyfistímanum. Innifelur það úrvinnslu gagna, eftirlitsfundi á vegum leyfishafa og annað eftirlit.

Komi til atvik sem kalla á aukalegar eftirlitsaðgerðir Orkustofnunar, fara þær fram að höfðu samráði stofnunarinnar við leyfishafa sem beri kostnað af þeim aðgerðum.

7. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda

Leyfishafi skal tilkynna Orkustofnun um áformað upphaf sýnatöku með a.m.k. viku fyrirvara. Reynist þörf á að breyta fyrirhugaðri tímasetningu sýnatöku ber að tilkynna Orkustofnun þar um eins fljótt og auðið er.

Leyfishafi skal eigi síðar en 31. desember 2020 senda Orkustofnun skýrslu um árangur sýnatöku og niðurstöður rannsókna á sýnum. Þar skal gerð grein fyrir tækjabúnaði og tilhögun við sýnatöku, stærð hvers sýnis, sem og niðurstöðum mælinga og túlkun þeirra.

8. gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljótast af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna tjóns sem kann að hljótast af starfsemi hans.

9. gr.

Framsal

Leyfishafa er óheimilt að framselja, veðsetja, leigja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt leyfi þessu, að hluta til eða öllu leyti, án samþykkis Orkustofnunar.

10. gr.

Önnur leyfi

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Um rannsóknir samkvæmt leyfinu gilda auk laga nr. 73/1990, náttúruverndarlög, nr. 60/2013, lög um menningarminjar nr. 80/2012, auk annarra laga er varða sjófarendur og siglingar.

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum sem starfsemin fellur undir.

11. gr.
Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á.


Verði eftirlitsaðili var við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa skal hann þá veita leyfishafa skriflega aðvörðun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörðun skal afturkalla leyfið. Sama á við ef vikið er frá kröfum skv. 5. og 10. gr. leyfisins.

Um afturköllun fer eftir eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

12. gr.
Leyfisgjald

Leyfishafi skal greiða kr. 166.000 gegn afhendingu leyfisbréfs þessa, sbr. 36. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur rikissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Reykjavík, 11. desember 2019



Guðni A. Jóhannesson,
orkumálastjóri

Fylgiskjöl:

1. Kort af rannsóknarsvæði með hnitum
2. Umsókn leyfishafa án fylgiskjala

Fylgiskjal 1. Sýnatökuleyfi á lausum jarðefnum af hafsbotni utan netlaga í Þerneyjarsundi, Kollafirði, Faxaflóa

Leyfisnúmer: OS-2019-L016-01

Gunnunes

0 100 200 300 m

Þerney

OS2

OS1

OS3

OS4

Þerneyjarsund



- Sýnatökustaðir
- Lóð framkvæmdar
- - - Dýptarlínur
- Vatnslögn Veitna ohf.

	X	Y
OS1	365542.3	411936.3
OS2	365366.3	411957.8
OS3	365356.8	411861.2
OS4	365343.0	411749.1

Gunnunes

Mýndakort: Loftmyndir ehf.

ORKUSTOFNUN		Skjalasafn	
Dags. mótt.	02.10.2017	Abm.	
Málsnúmer	02207102003	Aðrir	
Skjalalykill	70.4.3	---	
Verknúmer	271020	Trún.	
Fskj./aths.		Afrit til	



Orkustofnun
B.t. Bryndísar G. Róbertsdóttur
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2017

Umsókn um leyfi til sýnatöku af hafsbotni í Perneyjarsundi

Björgun ehf. sækir hér með um leyfi til sýnatöku malarefnis af hafsbotni í samræmi við lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins m.s.br.

Tilgangur sýnatöku

Björgun ehf. fyrirhugar flutning á starfsemi sinni innan tveggja ára frá Sævarhöfða á Álfsnes. Unnið er að undirbúningi þess í samvinnu við Reykjavíkurborg. Auk undirbúnings lóðar og aðstöðusköpunar við Álfsnes þarf að dýpka fyrir siglingarrennu og snúningssvæði fyrir aðkomu skipa Björgunar að lóðinni. Tilgangur sýnatökunnar sem þessi leyfisumsókn nær til er að kanna eiginleika efnis á svæðinu svo hægt sé að greina nánari staðsetningu á fyrirhugaðri rennu og með hvaða hætti dýpkun yrði framkvæmd ef af yrði þ.e. með dælingu eða greftri. Einnig er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort og hvernig hægt verði að nýta efnið ef dýpkun kemur til framkvæmdar. Staðsetningu sýnatökustaða má sjá á meðfylgjandi korti þar sem mörk sýnatökusvæða eru hnúttsett í Ísnet 93

Tímasetning og framkvæmd sýnatöku og magn efnis

Stefnt er að því að sýnataka fari fram hið fyrsta þar sem tæki Björgunar sem ætlað er að nýta í verkefnið eru nú um þessar mundir staðsett í næsta nágrenni.

Sýnatakan fer þannig fram að siglt er á pramma og tekin sýni með gröfu á þeim 10 sýnatökustöðum sem merktir eru inn á meðfylgjandi kort. Alls verða tíu 500 lítra kör meðferðis og verður mokað í eitt kar á hverjum stað. Heildarmagn efnis sem tekið verður af hafsbotni verður því um 5 m³.

Eiginleikar þeirra sýna sem tekin eru verða rannsökuð og fást þannig út möguleg not efnis þegar kemur að gerð rennu.

Umhverfi og öryggi

Í starfsemi Björgunar er leitast við að fylgja öllum gildandi reglum um ráðstafanir vegna öryggis og umhverfis.


Vert er að geta þess að félagið undirbýr umhverfismat á framkvæmdinni í heild sinni og verður fyrirhuguð dýpkun og nánari staðsetning siglingarennu gerð viðeigandi skil í umhverfismatinu og í þeim leyfisumsóknum sem nauðsynlegar eru.


Virðingarfyllst, fyrir hönd Björgunar

Lárus Dagur Pálsson

Lárus Dagur Pálsson

BJÖRGUN



<p>Sýnatökustaðir</p>	 <p>MANNVIT</p>
<p>Heimildir: ISSOy Samskipt Vörpun: Lambert kelvörðun (SN93) Verktölmennt: 7.120.927 Höfundur: ST Síðast vísalað: 28.9.2017 Síðast upgfáð: 29.9.2017 Skrá: Sýnatoka_Leifur.mxd</p>	
<p>• Fyrirhugaðir sýnatökustaðir</p> <p>— Vatnslögn</p> <p>0 250 500 m</p> <p>70 m sveði út frá vatnslögn</p>	<p>Selvík</p>

Björgun ehf.
b.t. Lárusar Dags Pálssonar
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. nóvember 2017
Tilvísun: OS2017100003/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Vegna umsóknar um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði

Þann 2. október sl. barst Orkustofnun umsókn Björgunar ehf., dags. 2. október 2017, um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði, vegna fyrirhugaðs flutnings fyrirtækisins á Álfsnes á næstu árum. Vegna kortagerðar í tengslum við umsóknina (1. fylgiskjal), óskaði Orkustofnun í tölvupósti til Björgunar ehf. þann 4. október 2017, eftir að fá gefin upp hnit umbeðinna tíu sýnatökustaða í ÍSN93, auk allra hnita kaldavatnslagnar Orkuveitu Reykjavíkur. Öll framangreind hnit eru sýnd á korti af sýnatökustöðunum, sem Mannvit hefur gert fyrir Björgun ehf., en kortið fylgir með umsókn. Umbeðin hnit sýnatökustaðanna bárust Orkustofnun með tölvupósti frá Björgun ehf. þann 5. október 2017. Tölvupóstinum fylgdu einnig hnit og kort sem Björgun ehf. fékk frá Orkuveitu Reykjavíkur þann 28. ágúst 2015, en á kortinu má sjá staðsetningu kaldavatnslagnar fyrirtækisins á hafsbotni á Þerneyjarsundi og upp á Kjalarnes.

Orkustofnun bendir á, að staðsetningar eftirfarandi fimm sýnatökustaða þarfnast lagfæringar:

- Sýnatökustaðir nr. 1 og 2 eru innan við ljósbláu línuna sem dregin er 115 m utan við strandlínu Landmælinga Íslands (1. fylgiskjal), og eru því innan netlaga. Björgun ehf. sækir aftur á móti um leyfi til leitar og rannsókna utan netlaga, samkvæmt 2. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990.
- Sýnatökustaðir nr. 3, 7 og 8 eru innan 70 m fjarlægðar frá kaldavatnslögn Orkuveitu Reykjavíkur, samkvæmt þeim hnitum sem bárust með tölvupósti frá Björgun ehf. þann 5. október 2017. Samkvæmt mælingum á meðfylgjandi korti Orkustofnunar (1. fylgiskjal) er sýnatökustaður nr. 3 í um 31 m fjarlægð frá lögninni, sýnatökustaður nr. 7 í um 6 m fjarlægð, og sýnatökustaður nr. 8 í um 43 m fjarlægð frá kaldavatnslögn OR.

Orkustofnun óskar eftir að Björgun ehf. afmarki með hnitum tvö sýnatökusvæði á Þerneyjarsundi. Annað sýnatökusvæðið verði vestan við 70 m svæðið út frá vatnslögn OR, en hitt sýnatökusvæðið verði austan við 70 m svæðið út frá vatnslögninni, en einnig utan netlaga. Einnig er nauðsynlegt að fram komi áætluð staðsetning hvers sýnatökustaðar.


Orkustofnun óskar eftirfarandi viðbótarupplýsinga vegna framangreindrar umsóknar:


1. Tillögu að lengd gildistíma fyrirhugaðs leyfis, en nauðsynlegt er að gera ráð fyrir tíma til að greina sýnin og túlka gögnin, þannig að niðurstöðum hafi verið skilað til Orkustofnunar þegar að gildistíma fyrirhugaðs leyfis lýkur.
2. Hvaða staðlaðar greiningar á að gera á sýnunum til að meta efniseiginleika þeirra?
3. Hvaða viðurkennd rannsóknastofa mun gera framangreindar greiningar?



4. Nær grafa á pramma að taka sýni eitthvað niður í hafsbotninn, þ.e. niður úr yfirborðslaginu eins og nauðsynlegt er, og þá hve djúpt? Ef dýptargögn eru skoðuð á korti (1. fylgiskjal), sést að fyrirhugaðir sýnatökustaðir eru á 4–8 m sjávardýpi.
5. Hvers konar gögnum er fyrirhugað að skila til Orkustofnunar varðandi hvernig gangi að moka sýnunum upp með gröfu á pramma, þ.e. hvort efnið er hart eða laust í sér?

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur




Skúli Thoroddsen
lögfræðingur

Fylgiskjöl:


1. Kort sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðra sýnatökustaða, samkvæmt umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi í Þerneyjarsundi í Kollafirði. Kortagrunnur er myndkort Loftmynda ehf. (loftmyndir teknar árið 2016). Dýptargögnum frá sjómælingasviði Landhelgisgæslu Íslands hefur verið bætt inn á kortagrunninn. Mælikvarði korts er 1 : 5 000 (1 bls.).

Umsókn Björgunar ehf. um leyfi til katar og rammsóknna á
 mól og sandi af hafsbáttum þermeyjarvandi í Kollafirði

1. Þýðing: Sýnatökustaðir



perney



- Fyrirhugaðir sýnatökustaðir
- Kaldavatslögn OR
- 115 m frá strandlínu LMÍ
- Svæði 70 m út frá vatnslögn OR
- Leyfissvæði Björgunar ehf.

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegur 9
108 Reykjavík



Reykjavík 3. maí 2018

Vegna: Umsóknar um leyfi til sýnatöku af hafsbotni í Þerneyjarsundi vegna undirbúnings mögulegra flutninga fyrirtækisins í Álfsnesvík.

Að beiðni Orkustofnunar eru hér sendar viðbótar upplýsingar vegna hins fyrra erindis dags. 2. okt 2017.

Í eftirfarandi texta verður leitast við að svara athugasemdum Orkustofnunar í liðum 1-5.

Liður 1. Björgun leggur til að gildistími fyrirhugaðs leyfis frá Orkustofnunar verði 4 mánuðir frá leyfisveitingu til greiningar og túlkunar á sýnum. En mikilvægt er að framkvæma sýnatöku eins fljótt og hægt er.

Liður 2. Þær stöðluð greiningar sem til stendur að gera á sýnum eru stöðluð vot sigtun til að sjá kornakúrfu efnis og hlutfall fínafna í sýni. Einnig verður tekið yfirborðssýni með þar til gerðum krabba til að rannsaka og meta lífríki sjávarbotns fyrir umhverfismat framkvæmdar.

Liður 3. Ekki hefur verið samið um þessar rannsóknir en gerum ráð fyrir að nota þá viðurkennda aðila sem unnið sérhæfa sig á þessu sviði s.s. Mannvit, Efla eða Nýsköpunarmiðstöðin.

Liður 4. Gröfupramminn Reynir sem er í eigu Björgunar og hefur verið notaður við dýpkanir hafna um land allt verður notaður til að taka viðkomandi sýni. Gröfupramminn nær niður á um 12 metra dýpi sem er um fjórum metrum dýpra en þörf er á þar sem fyrirhugað dýpi fyrir innsiglingarrennu er í um -7 m í hæðarkerfis sjómælinga. Grafan er útbúin nákvæmun GPS staðsetningarbúnaði og því með staðsetningar nákvæmni um og undir 10 cm.

Liður 5. Þau gögn sem Björgun mun afla við sýnatöku og úrvinnslu munu verða til aflögu fyrir Orkustofnun ef óskað er en markmið sýnatökunnar er til að meta gæði efnis á mismunandi dýpi á dýpkunarsvæði m.t.t. notkunar í landfyllingu í Álfsnesvík. Tilgangur sýnatöku er einnig að meta hvort fyrirhuguð dýpkun geti verið framkvæmd með dæluskipi eða hvort þörf sé á gröfu og efnisflutningapramma.

Björgun er búin að kosta til dýptarmælinga í á svæðinu og úr þessum mælingum er búið að ákvarða dýpi klappar. Ekki er talið samkvæmt þeim mælingum sem búið er að gera að gröftur verð sérstaklega erfiður. Gert er ráð fyrir að taka um 150-200 kg sýni með um 1,5m millibil frá óhreyfðu yfirborði og niður á -7 metra dýpi.

Á meðfylgjandi fylgiskjali (mynd) má sjá staðsetningar á fyrirhuguðum sýnatökustöðum og hnit í töflum á myndinni. Þar sjást drög af staðsetningaráformum nýrrar lóðar, landfyllingar og siglingarleiðar.


OS1 til OS4 heyra undir leyfisveitingu Orkustofnunar en RB1 til RB8 heyra undir Reykjavíkurborg sem nú vinnur að leyfisveitingu fyrir Björgun til að taka sýni á landi og í sjó innan netalagna. Búið er að lagfæra staðsetningar sýnatöku með tilliti til vatnslagnar Orkuveitunnar og netalagna. Fullt samráð er haft við forsvarsmenn Veitna um þessar athuganir og gætt sérstaklega að legu vatnslagnar. Þess ber að geta að sýnataka RB3 verður tekin í um 44m fjarlægð frá vatnslögn að höfðu samráði við Veitu og undir eftirliti þeirra.

Virðingarfyllst fyrir hönd Björgunar

Lárus Dagur Pálsson

Björgun ehf. fylgiskjal erindis dags. 3. maí 2018.

Staðsetning fyrirhugaðs athafnasvæðis Björgunar við Álfsnesvík.



L.P.



FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

ORKUSTOFNUN		Skjalasafn		sími 569 7900 · fax 569 7990	
Dags. mótt.	17.05.2018	Ábm.	572		
Málsnúmer	05201710003	Aðrir	BLP		
Skjalalykill	5043	---	PI		
Verknúmer	0340300	Trún.			
Fskj./aths.		Afrit til			

fiskistofa@fiskistofa.is
fiskistofa.is

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Hafnarfjörður 15. maí 2018

Tilv. 2018-05-11-1272

Efni: Varðar útgáfu leyfis Björgunar ehf til rannsókna á mól og sandi í Þerneyjarsundi í Kollafirði

Fiskistofu barst með bréfi dagsettu 7. maí s.l. beiðni um að veita umsögn vegna útgáfu leyfis til Björgunar ehf til rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði.

Fyrirhugað rannsóknasvæði kann að vera á göngusvæði laxa sem ganga í nærliggjandi ár, s.s. Leirvogsa, Úlfarsá og Elliðaá. Stórfelld efnistaka á svæðinu á göngutíma gæti haft truflandi áhrif á göngu laxa, en sýnataka og rannsóknir eins og hér er sótt um leyfi til eru ekki líklegar til að hafa teljandi áhrif.

Fiskistofa gerir því ekki athugasemdir við sýnatöku og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofu

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

1		ORKUSTOFNUN Skjalasafn	
Dags. mótt.	21.05.2018	Ábm.	SP
Málsnúmer	OS2017100003	Aðrir	PG
Skjalalykill	5043	---	
Verknúmer	5810300	Trún.	
Eskj./ath.		Afrit til	



Orkustofnun
Bryndís Guðrún Róbertsdóttir
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík, 28.05.2018
Tilv. 2018-0163 - 20.01.01/KOL
HV/mþ

Málefni: Vegna umsóknar um leyfi til leitar og rannsóknar á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði – beiðni um umsögn


Við er til erindis Orkustofnunar dags. 3. maí 2018 (Tilvísun: OS2017100003/50.4.3) þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um ofangreint erindi.

Sýnatakan fer fram á 10 sýnatökustöðvum og verða tekin sýni í tíu 500 lítra kór, eitt kar á hverjum stað, með gröfu. Heildarmagn efnis verður því um 5 m³. Eiginleikar efnis sýnanna verða rannsökuð og möguleg not þess.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við erindið.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Héðinn Valdimarsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

	ORKUSTOFNUN Skjalasafn		
Dags. mótt.	30.05.2018	Abm.	22
Málsnúmer	0500710003	Aðrir	82
Skjalalykill	743	--	87
Verknúmer	334300	Trún.	
Fskj./aths.		Afrit til	



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Oddgeir Isaksen

Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

Orkustofnun

Grensásvegur 9
108 Reykjavík

25. maí 2018
MÍ201805-0074/ 8.02 / O.I.

Efni: Sýnataka í Þerneyjarsundi.

Með bréfi dags. 7. maí 2018 óskaði Orkustofnun eftir umsögn Minjastofnunar um umsókn Björgunar ehf. dags. 2. október 2017, þar sem óskað er leyfis til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi á Kollafirði. Í erindinu er greint frá áformum Björgunar um dýpkunarframkvæmdir vegna innsiglingarrennu um Þerneyjarsund en einnig vegna snúningssvæðis fyrir sanddæluskip Björgunar. Er tilgangur sýnatökunnar annars vegar „að meta gæði efnis á mismunandi dýpi á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði með tilliti til notkunar efnisins í landfyllingu í Álfsnesvík“ en einnig „að meta hvort sanddæluskip verður notað til dýpkunar, eða hvort þörf er á gröfu og efnisflutningapramma.“

Minjastofnun hefur áður fjallað um verkefnalýsingu vegna skipulagsgerðar og umhverfismats vegna efnisvinnslusvæðis Björgunar við Álfsnesvík frá október 2017, þar sem m.a er gert ráð fyrir ofangreindum dýpkunarframkvæmdum. Í umsögn Minjastofnunar um verklýsinguna frá 12. febrúar 2018 kemur segir eftirfarandi: „Á miðöldum var hafnar- og verslunarsvæði við Þerneyjarsund og er talið að það hafi verið við [eyðibýlið] Niðurkot/Sundakot, þ.e. rétt suðvestan þess svæðis, sem nú er helst hallast að sem fyrirhugað efnistökusvæði“. Minjastofnun taldi þá að nauðsynlegt gæti verið að kanna þau svæði á hafsbotni, sem verða fyrir raski vegna framkvæmda á svæðinu með geisladýptarmælingum og köfun.

Afstaða Minjastofnunar er hér ítrekuð. Það er krafa stofnunarinnar að fram fari fjarkönnun á áhrifasvæði framkvæmdanna í

Þerneyjarsundi með tvígeislaðum (side-scan sonar) og að það verði fenginn til verksins fornleifafræðingur með reynslu af neðansjárforrnleifafræði. Komi áður óþekktar fornleifar í ljós við fjarkönnunina skal kanna umfang þeirra og eðli nánar með köfun eða neðansjármyndavél. Minjastofnun mun þá meta hvort krefjast skuli frekari rannsókna á minjum áður en framkvæmdir við sýnatöku og dýpkunarframkvæmdir geta hafist.

Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar 80/2012, njóta fornleifar friðunar, nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands og í 21. gr. laganna segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.”

Minjastofnun mun gera kröfu um mótvægisáðgerðir ef metið er að hætta verði á að minjar kunni að verða fyrir raski. Mótvægisáðgerðir fela í flestum tilfellum í sér fornleifarannsókn með uppgreftri. Samkvæmt 28. grein laga um menningarminjar ber framkvæmdaaðili kostnað af mótvægisáðgerðum svo sem fornleifarannsóknum.

Virðingarfyllst,



Oddgeir Isaksen
verkefnastjóri



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Orkustofnun
Bryndís G Róbertsdóttir,
land og jarðfræðingur
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. maí 2018
2018050011/42-8
TB
tb

Umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á mög og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði. Eins og kemur fram í erindinu þá er umsóknin gerð vegna hugsanlegra flutninga Björgunar ehf. frá Sævarhöfða í Álfsnesvík og er í því sambandi unnið að mati á umhverfisáhrifum vegna þess flutnings í heild sinni þ.m.t. fyrirhugaðri dýpkun og staðsetningu á innsiglingarrennu. Sótt er um leyfi til að taka sýni á fjórum stöðum, um 150-200 kg á hverjum stað með 1,5 m millibili frá óhreyfðu yfirborði niður á 7 m dýpi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi til framangreindra rannsókna verði veitt enda ólíklegt að rannsóknirnar valdi mikilli röskun og þær hluti af mati á umhverfisáhrifum þar sem áhrif fyrirhugaðra flutninga Björgunar ehf í Álfsnesvík verða metin í heild þ.m.t. efnistaka á hafsbotni.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar





Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	30.05.2018	Abm.	JA
Málsnúmer	00007170003	Aðrir	KG
Skjalalykill	5043	---	FI
Verknúmer	3340300	Trún.	
Fskj./ath.		Afrit til	

Reykjavík 28.05.2018

Orkustofnun

Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 25. maí 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Kollafjörður, Þerneyjarsund

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. maí 2018 var lagt fram bréf Orkustofnunar dags. 7. maí 2018 þar sem óskað er eftir umsögn á umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði. Erindinu var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skrifstofu umhverfisgæða dags. 24. maí 2018.

Umsögn skrifstofu umhverfisgæða dags. 24. maí 2018 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa

Ann María Andreassen

Fylgiskjal; umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2018.

Orkustofnun
b.t. Bryndísar G. Róbertsdóttur
Orkugarði, Grensásvegi 9
108 Reykjavík.

Reykjavík 24. maí 2018

Vísað er í bréf Orkustofnunar, dags. 7. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um umsögn Björgunar ehf. til Orkustofnunar um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði.

Björgun ehf. vinnur í samstarfi við Reykjavíkurborg um flutning á starfsemi sinni frá Sævarhöfða í Álfsnesvík. Aðalskipulagsbreyting þess efnis er í vinnslu hjá Reykjavíkurborg og í kjölfarið verður unnið deiliskipulag um nýtt athafnasvæði Björgunar ehf. í Álfsnesvík. Eins og kemur fram í bréfi Björgunar ehf. til Orkustofnunar er þörf á ýmsum framkvæmdum við undirbúning á starfsemi fyrirtækisins t.d. til að meta þörf á dýpkun innsiglingarrennu í Þerneyjarsundi. Björgun ehf. vinnur einnig að undirbúningi að mati á umhverfisháhrifum þeirra framkvæmda. Á Reykjavíkurborg, sem og aðrir aðilar, eftir að veita umsögn í umhverfismatsferli þessara framkvæmda sem og um umhverfisáhrif tilvonandi skipulagsbreytinga.

Þær rannsóknir sem Björgun ehf. sækir nú um leyfi fyrir til Orkustofnunar eru að mati Reykjavíkurborgar mjög mikilvægur þáttur í framvindu málsins til að öðlast meiri vitneskju um ýmis atriði er varða þá starfsemi sem huguð er á svæðinu. Aukin vitneskja um bæði eiginleika og umsvif starfseminnar auðveldar ályktanir um umhverfisáhrif og er grundvöllur frekari álita og ákvarðanatöku á síðari stigum.

Reykjavíkurborg hefur þegar veitt leyfi til Björgunar ehf. er varða sýnatökur og rannsóknir á jarðvegi o.fl. á landi og fjöru, og eru þær sýnatökur hluti af sömu rannsóknum og hafsbotnssýnin sem eru utan lögsögu Reykjavíkurborgar. Ekki er því talin ástæða til að gera sérstakar athugasemdir við þær sýnatökur í Þerneyjarsundi sem krefjast leyfis Orkustofnunar.

Reykjavíkurborg vill þó taka fram að gæta þarf þess við sýnatökurnar að draga sem mest úr gruggmengun á svæðinu til dæmis með því að halda framkvæmdatíma sýnatökkunnar eins stuttum og hægt er. Gruggmengun hefur neikvæð áhrif á sjávarlíf sér í lagi fiska en á svæðinu eru m.a. dvalarsvæði sjóbirtings og göngusvæði laxfiska sem ganga í Leirvogsa og Úlfarsá eru skammt undan.

Reykjavíkurborg hefur áhuga á að nálgast niðurstöður þessa rannsókna til viðbótar við þær rannsóknir sem stundaðar eru innan lögsögu borgarinnar. Orkustofnun metur hvort ástæða sé að taka slíkt fram í leyfisveitingunni.

f.h. Reykjavíkurborgar

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri, umhverfis- og skipulagssviði.



ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	11.06.2018	Ábm.	32
Málsnúmer	02/201710-2003	Aðrir	348
Skjalalykill	5043	---	
Verknúmer	2290300	Trún.	
Fskj./aths.		Afrit til	

Orkustofnun

Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2018
Tilv.:1805400 / HZ

Efni: Skipulagsmál - umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði

Með bréfi dagsettu þann 7. maí s.l. óskaði Orkustofnun umsagnar Samgöngustofu um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni á Þerneyjarsundi.

Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllst

Halldór Ó. Zoëga

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	30.05.2018	Abm.	SP
Málsnúmer	052017100003	Aðrir	SP
Skjalalykill	50.43	---	SP
Verknúmer	3340300	Trún.	
Eski/æthe.		Afrit til	

Reykjavík 23. maí 2018
UST201805-051/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn um rannsókn- og leitarleyfi – Þerneyjarsund. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 7. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Ráðgert er að taka fjögur sýni af hafsbotni og mun hvert sýni verða 150-200 kg. Hér er um mjög lítið efni að ræða og má gera ráð fyrir því að áhrif á lífríki hafsbotnsins verði í samræmi við stæð sýnanna.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	20.10.2017	Ábm.	300
Málsnúmer	01/2017/00003	Aðrir	168
Skjalalykill	1043	---	17
Verknúmer	340300	Trún.	Reykjavík, 23. maí 2018
Fskj./ahs.		Afrit til	

Orkustofnun
b.t. Bryndísar G. Róbertsdóttur
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Efni: Umsögn Veitna ohf. um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á möl og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar umsókn Björgunar ehf. dags. 2. október 2017, þar sem sótt er um leyfi til leitar og rannsókna á möl og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði. Enn fremur bárust sem fylgiskjöl bréf Orkustofnunar til Björgunar ehf. dags. 22. nóvember 2017 og svar Björgunar ehf. til Orkustofnunar dags. 3. maí 2018 með viðbótarupplýsingum.

Veitur ohf. eiga og reka 315 mm kaldvatnslögn sem liggur í nálægð fyrirhugaðra sýnatökustaða. Vatnslögnin tengir Kjalarnes við vatnsveitu í Heiðmörk og flytur kalt vatn til neyslu og brunavarna á Kjalarnesi.

Björgun ehf. fundaði með Veitum þann 14. desember 2017 þar sem áform Björgunar voru rædd og lögð áhersla á að fyllsta öryggis verði gætt við sýnatöku í nágrenni vatnslagnarinnar svo að hún verði ekki fyrir raski við fyrirhugaðar framkvæmdir og nákvæmni verði tryggð m.t.t. fjarlægð rannsóknahola frá vatnslögn. Veitur vekja athygli á að sjólagir geta færst úr stað og því er nauðsynlegt að Björgun fastsetji staðsetningu lagnar áður en framkvæmdir hefjast.

Veitur ohf. fallast á þá tilhögun sem kynnt er í fylgiskjali með bréfi Björgunar ehf. til Orkustofnunar dags. 3. maí 2018 þar sem hnit RB3 hefur verið fært og fjarlægð frá vatnslögninni er 44 m, með eftirfarandi skilyrðum:

- Samráð skal haft við Veitur ohf. við tilhögun framkvæmdar.
- Starfsfólk Veitna ohf. skal hafa eftirlit með framkvæmdinni.
- Tímasetning framkvæmda skal vera með samþykki Veitna þar sem nauðsynlegt er loka á rennsli í vatnslögninni á meðan sýnatöku stendur og nota varavatnsból við Vallá á Kjalarnesi á framkvæmdatíma.
- Ef í ljós kemur við eftirlit Veitna að brugðið hafi verið frá kynntum áformum svo að kaldvatnslögninni steðji hættu af, eða ef vandamál koma upp við vatnstöku úr varavatnsbóli, ásetja Veitur ohf. sér rétt til að stöðva framkvæmdir.
- Allur kostnaður við mögulegt rask á kaldvatnslögn fellur á Björgun ehf.

Virðingarfyllt,

f.h. Veitna

Arndís Ósk Ólafsdóttir
Tæknistjóri vatnsveitu



VEITUR